

Höfundar í nýrómantík

Veldu annan höfundinn, annaðhvort **Huldu** (bls. 36–39 í *Tíminn er eins og vatnið*) eða **Jón Thoroddsen yngri** (bls. 51–53 í *Tímanum*) og lestu vel það sem segir um höfundinn þar. Sú heimild dugar þó ekki, þú verður að verða þér úti um fleiri heimildir. Þar má nefna:

- Ljóðabók eftir höfunda, t.d. *Flugur* (ljóðabók) Jóns eða einhverja ljóðabók eftir Huldu (sjá bls. 37).
- Ragnhildur Richter. 1985. „„Ljóðafugl lítinn jeg geymi – hann langar að fljúga.“ Athugun á stöðu skáldkonu gagnvart bókmenntahefð.“ *Tímarit Máls og menningar*, 3. h., bls. 314–334.
- Inngang Guðmundar Andra Thorssonar í *Flugum*, útg. 2002.
- Fleiri heimildir skv. eigin vali.

Pistill um höfund

Þú skrifar pistil um skáldið sem fyrir valinu varð. Pistillinn skal vera um ein síða (1,5 línulengd, 12 punkta letur) og þar ferðu nokkrum orðum um ævi og ritferil og gerir svo grein fyrir einkennum skáldsins, hvort það var eingöngu nýrómantískt eða beindi kröftum sínum að fleiri stefnum.

Ljóðrýni

Taktu síðan dæmi um einkenni skáldsins. Þú velur eitt ljóð og setur það undir mælistiku ljóðrýnnar – og einhver önnur ljóð eftir skáldin en þau sem fjallað er um í bókmenntasögunni. (Gott er að styðjast við kvarðann sem hér fylgir á eftir.)

Vandaðu allan frágang. Mundu að geta heimilda og fara vel með orð annarra. Nota tilvísanir óspart (beinar og óbeinar tilvitnanir) og láta heimildaskrá fylgja.

Ljóðgreining – atriði til athugunar
Ekki nægir að tiltaka dæmi, rökstuðningur er nauðsynlegur.

Bygging:

Formið – hrynjandi, ljóðstafir, rím. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið?
Er ákveðinn bragarháttur? Erindafjöldi, línur í erindi.

Stíll:

Sjónarhorn – hver er mælandi ljóðsins?

Málnotkun – flókið/einfalt mál, skrudmælg, auðskiljanlegt.

Myndmál – beinar myndir, líkingar (myndhverfingar, viðlíkingar, persónugervingar, hlutgervingar).

Önnur stílbrögð – endurtekningar, andstæður, þversagnir, ýkjur, úrdráttur, vísanir, tákn o.fl. (sjá bls. 166 í *Tíminn er eins og vatnið*)

Hugblær – hvaða tilfinningum er lýst í kvæðinu?

Túlkun:

Um hvað er skáldið að yrkja? – Rekja efnispráðinn.

Hvaða viðhorf endurspeglar ljóðið? Hvað vill skáldið segja lesendum sínum?

Leynist ádeila í ljóðinu?